

## MENNING/LISTIR

NÆSTU VIKU  
MYNDLIST

## Gerðuberg

Inga Svala Þórsdóttir sýnir til 2. okt.

## Listasafn Íslands

Í deiglu 1930-1944.

## Ásmundarsafn

Samsýn á verkum Ásmundar Sveinss.

og Kristins E. Hrafnss. til áramóta.

## Safn Ásgríms Jónssonar

Þingvallamyndir fram í nóvember.

## Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Íslandsm. og súlur Sigurjóns til áramóta.

## Kringlan

Ljósmyndasýn. World Press Photo

til 15. okt.

## Gallerí einn einn

Gunnar M. Andrússon sýnir til 13.

okt.

## Listasafn ASÍ

Valgerður Árnadóttir Hafstað sýnir til

16. okt.

## Gallerí Úmbra

Guðrún Gunnarsd. sýnir til 5. okt.

## Gallerí Sólon Íslandus

Thor Vilhjálmsson sýnir til 3. okt.

## Gallerí Art-Hún

Móa Romig Boyles sýnir til 2. okt.

## Stöðlakot

Bjarnheiður Jónsd. sýnir til 2. okt.

## Ásmundarsalur

Árni Rúnar Sveinsson sýnir.

## Gallerí Greip

Salon 1994 til 19. okt.

## Listasafn Kóp. - Gerðarsafn

Kristín Þorkelsd. sýnir til 16. okt.

## Gallerí Fold

Ásgeir Smári sýnir til 16. okt.

## Portið

„Altari/altaristafla“ 25.

myndl.menn sýna til 15. okt.

## Sýningarsalur Hafnarhússins

List gegn vímu: Verk eftir 140 lista-

menn til 9. okt.

## Norræna húsið

Hafsteinn Austmann sýnir til 9. okt.

## Gallerí Sævars Karls

Eggert Pétursson sýnir til 6. okt.

## Mokka

Verk Jennyar Holzer til 17. okt.

## Sýningarsalurinn Önnur hæð

Verk eftir Alan Uglow út okt.

## Hafnarborg

Margrét Þ. Jóelsd. sýnir til 10. okt.

Sýn. Gler og grafík í kaffistofu.

## Gerðuberg

Yfirlitssýn. Íslenska einsöngslagið

til 1. des.

## Nýlistasafnið

Ólafur Lárússon sýnir til 9. okt.

## SPRON-Álfabakka

Rut Rebekka sýnir til 25. nóv.

## Gallerí AllraHanda Akureyri

Lísa K. Guðjónsdóttir sýnir til 2. okt.

## Norðurdáldalur - Borgarfirði

Sýn. Finnu B. Steinsson. Óákv. tími.

## TÓNLIST

## Laugardagur 1. október

Kristinn Sigmundsson og Jónas

Ingimundarson í Borgarleikhúsinu

kl. 14.30. Þýsk lúðrasveit ásamt

Lúðrasveit Hafnarfj. í Víðistaðakirkju

kl. 16. Afmælistónl. Tónlist-

arsk. Seltjarnarn. í Seltjarnarnes-

kirkju kl. 16.

## Sunnudagur 2. október

Tónleikar Kammermúsíklúbbss

Reykjavíkur í Bústaðakirkju kl.

20.30.

## LEIKLIST

## Borgarleikhúsið

Óskín (Galdra-Loftur) kl. 20; lau.

1. okt., sun., mið., fim., fös., lau.

Leynimelur 13 kl. 20; lau. 1. okt.,

sun., fim.

## Þjóðleikhúsið

Dóttir Lúsifers kl. 20.30; lau. 8. okt.

Vald örlaganna kl. 20; lau. 8. okt.

Gauragangur kl. 20; sun. 2. okt., mið.,

fim.

Gauksheirðir kl. 20; lau. 1. okt., fös.

Sannar sögur af sálarlífi systra kl. 20;

lau. 1. okt., fös.

## Leikfélag Akureyrar

Karamellukvörnir kl. 14; lau. 1. okt.,

sun., lau.

BarPar í Porpinu kl. 20.30; lau. 1.

okt., fös., lau.

## Frú Emíla

Macbeth kl. 20; lau. 1. okt., fim., lau.

## Íslenska óperan

Hárið lau. 1. okt. kl. 20 og kl. 23.

fös. kl. 20 og 23, lau. kl. 23.30.

## Norræna húsið

Norski leikarinn Torolv Maurstad með

einleik byggðan á Pétri Gaut sun. 2.

okt. kl. 16 sun.

## Tjarnarbíó

Danshöfundakvöld Íslenska dans-

flokksins lau. 1. okt. kl. 20 og sun.

kl. 15.

## Leikhúskjallarinn

Trífóli-hópurinn sýnir dansleikinn

Hillingar. Augu þín sáu mig eftir

Sjón, höf. ásamt tónl.mönnum flytur

efni úr óbirtri skáldsögu, mán. 3.

okt.

## MÍR


Stórbrotið líf, kvíkm. frá Úkraínu

sun. 2. okt. kl. 16.

## Norræna húsið

Kvíkm.sýn. fyrir börn sun. kl. 14.

## Yfirlitssýning Kjarvalsstaða á verkum Magnúsar Pálssonar



HVÍSKUR (1976) er gifsmynd af leyndarmáli sem Nefertíte sagði Alexander mikla á ímynduðum ástarfundi þeirra.

# TILVILJANAVALD

## og margvíslegar furður hins ósýnilega

**E**KKERT er til nema andstæðan sé til um leið, segir Magnús Pálsson og tekur málstað sameindar í loftinu: Hún er í sjálfri sér jafngild manni sem andar henni að sér eins og ekkert sé en finnur fyrir veruleika malbiks sem hann gengur á. Myndlist Magnúsar Pálssonar ryðst og laumast gegnum venjubundin sjónarmið, fangar það sem ekki er og sýnir það sem ekki sést og sameinar það sem hefur verið aðskilið. Hljóð verður mynd og listgreinar einungis leiðir að marki sem áhorfandi stendur við og veltir fyrir sér. Nostur og færni eru ekki keppikefli heldur gildir til að forðast og listamaðurinn, langar leiðir frá helli sínum, í mannlífni með hinum. Í samstarfi við aðra kemst hann fram úr sjálfum sér.

Á Kjarvalsstöðum og raunar Korpúlfsstöðum líka er hafin yfirlitssýning á verkum Magnúsar. Hún stendur til 23. október, en breytist að minnsta kosti að hluta til dag frá degi eða nótt frá nóttu enda er nóttin meira spennandi en dagurinn að áliti listamannsins. Hann fer öðru hvoru upp að Korpúlfsstöðum og hreyfir við verki sem er þar fyrir utan. Það er frá 1980, gert úr völdu rusli af Gufunesi. Magnús



Magnús Pálsson segir sýningu sína á tungumálið á og heldur sig á mörkum listarinnar.

teiknar stóra sólskríku úr ruslinu, nú eins og þá, og breytir henni síðar í mús sem loks verður að kengúru. Verkið, sem um árið var innlegg í norræna sýningu á umhverfislísi, sést nú aftur svoltið breytt þó að hugmyndin sé sú sama.

Yfirborðið skiptir líka minna máli en það sem býr á bak við og verkin sem kennd eru við konsept eru sjaldan fastákveðin og óbreyt-

anleg. Stundum eiga þau sér sögu eða skýringar sem sjást ekki í útkomunni, eru kannski heimild um gjörning eða niðurstaða spekulatjóna sem gaman er að þekkja til.

Þannig er til dæmis skemmtilegt að vita um tilurð Hvískurs, sem sést hér á mynd. Magnús fékk fyrir átján árum þá hugmynd að kynna hvert fyrir öðru Alexander mikla (4. öld f.Kr.) og Nefertíte drott-

ingu í Egyptalandi (14. öld f.Kr.). Hann hugsaði sér raunar náin kynni þeirra í milli og reyndi að ímynda sér hverju Nefertíte hvíslaði í eyra Alexanders uppi í rúmi. Með því að leggja brjóstmyndir af þessum persónum saman á koddan gat Magnús mælt út rýmið milli munns Nefertíte og eyra keisarans. Myndin af því, af þessu ástúðlega hvískri, er úr gífsi og nú er að minnsta kosti tvenns að geta.


Annars vegar efnisins, gífsins, sem Magnúsi fannst henta sér vel á sjöunda og áttunda áratugnum. Dautt og látaust, sagði hann einhverntíma um það og útskýrir núna að sú lífandi hugsun sem búi að baki felist yfirleitt ekki í dýrleika efnisins. Hún eigi að njóta sín ótrufluð af efni eða formi. Þar kemur hitt atriðið, formið, eða andhverfa þess. Hvískrið er ekki einungis formgerð rýmis, sem Magnús kallar negatívt og mótast af því sem er þar einnig, án formreglna eða fagurfræði. Það er að auki mynd af hljóði og þannig leið til verka sem seinna urðu aðal hans og eru enn.

Hljóðið hefur smám saman tekið yfir í verkum Magnúsar og sjálfur segir hann okkar öld vera tímabil hljóðsins. „Ég hef verið að gamna mér við það og held kannski að margra ára starf hafi hrist saman eitthvað sem býr yfir ákveðnum frumeiningum.“ Hvað, spyr ég og Magnús segist eiga við skilgreiningu ákveðinna hluta. „Nú er ég að fást við skilgreiningu tungumáls,“ heldur hann áfram, „í tengslum við hrynjandi, hljómfall og merkingu, mynd og sýn. Hvað felst í tungumáli og hvar greinist það sundur og hvernig er hægt að beita því.“

Listin nálgast vísindi og vísindi geta orðið list og það er að sögn Magnúsar þegar þau snerta mann tilfinningalega. Tilfinningin er þannig listarinnar en fræðileg aðferð vísindanna og ímyndunaraflíð nauðsynlegt hvoru tveggja. Þess er þörf á báðum endum listarinnar, að minnsta kosti í hugmyndalist eins og Magnúsar. Hann leggur upp með eitthvað, sem allt eins er haft frá öðrum, og ætlar síðan áhorfanda að nálgast það sem hluta af sjálfum sér.

„Ég held helst að list sé það sem listamaður kalli því nafni og allir eru listamenn í þeim skilningi að þeir búa yfir einstanum. Allir hafa þörf og að einhverju marki getu til að skapa. Þess vegna ætti umræðan um listina, hvað hún er og hvers vegna, ekki bara að fara fram milli listamanna í venjulegri merkingu orðsins. Mér finnst list ekki vera til að dást að, það er röng hugsun, hún er til að eiga við samskipti og virða eins og sjálfan sig. Það þarf að setja hana undir mælistiku, endurskoða sífellt og efast og sjálfur hef ég kosið að dingla á ystu mörkum þess sem mér finnst vera list og ekki list. Þar sannprófa ég mörk-

## KIRKJUGARÐSHLYNUR OG MAÐKÉTNIR STÓLPAR



TEDDI með eitt verkanna sem unnið er úr hlyni í sem áður óx í kirkjugarðinum við Suðurgötu. „Hann var á leiði frænda míns.“

**É**G NOTA stólpa úr Reykjavík-urhófn sem var, eða járnvið og eik, rauðvið, purpurahjarta og hlyn. Bara alls kyns góðvið,“ segir Magnús Th. Magnússon, eða myndhöggvarinn Teddi, sem er að opna sýningu á 35 höggmyndum í Ráðhúsinu í dag. Sýningin stendur til 10. október en Teddi efní síðast til sýningar af þessari stærðargræðu í Perlunni fyrir tveimur árum.

„Ég vinn þetta mest með keðju-sögum og fræsrum,“ segir hann. „Þetta er allt maðkítið og svo vinn ég eftir því. En viðurinn hefur verið í sjónum svo áratugum skiptir,“ segir Teddi sem einnig vinnur sem bryti hjá Eimskip þegar þannig ber undir. „Þessi sýning verður mun fagmannlegri því á síðustu sýningu lét ég allt fara. Nú ber ég meiri virðingu fyrir hlutunum. Fimm verkanna eru unnin í rauðvið og við sem ég lími saman sem er frábrugðið fyrir verkum,“ segir

hann. Viðnum hefur Teddi einnig safnað á ferðum sínum, meðal annars í Suður-Afríku og Bandaríkjunum. „Fyrst flyt ég hann inn og þurrka, lími svo saman, og fer með í bandsög. Svo er hann sagaður með keðjusög og fræsara og slípaður niður. En sum verkin eru unnin eins og liggur í viðnum, sem mótar endanlegt útlit þeirra.“

Verkin segir Teddi vera frekar stór og þau eru öll unnin á síðastliðnum tveimur árum. „Ég er með eitt verk úr járn og grjóti, svona til gamans, sem unnið var á véla-verkstæði. En í tréverkunum er ákveðið form, svo ég er mikið með konur og andlit og önnur náttúru-leg form.“

Annars fór ég til náms í Finnlandi í nokkra mánuði til að stúdera skulptúra, enda margt að sjá þar og áhrifanna gætir á þessari sýningu. Það sést til dæmis á tveimur verkum, þau eru svoltið grófarí.“ H.K.E.